



Starfsreglur fyrir Sjálfbærnefnd Landsbankans hf.

Reglur nr. 202309 - 0175 - 1 | Samþykkt útgáfa 24. ágúst 2023 | Endurskoðun 2025 | Bankaráð

1 SKIPUN OG UPPLÝSINGAGJÖF TIL BANKARÁÐS

Hlutverk undirnefnda bankaráðs Landsbankans hf. (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) er að aðstoða bankaráð við að sinna verkefnum sem því eru falin samkvæmt lögum. Bankaráð skipar undirnefndirnar og starfa þær í umboði þess. Undirnefndirnar taka ekki sjálfstæðar ákvarðanir fyrir hönd bankans eða bankaráðs. Undirnefndirnar hafa ekki áhrif á hlutverk og ákvörðunarvald bankaráðs, daglegra stjórnenda bankans og nefnda innan bankans.

Sjálfbærnefnd (hér eftir „nefndin“) er undirnefnd bankaráðs Landsbankans.

Bankaráð skipar nefndina og í henni sitja fjórir bankaráðsmenn. Formaður nefndarinnar er tilnefndur af bankaráði. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Í fjarveru formanns skulu aðrir meðlimir nefndarinnar kjósa fundarstjóra úr eigin röðum. Formaður nefndarinnar leiðir nefndina og ber ábyrgð á að tryggja skilvirkni í störfum hennar. Formaður skal einnig stuðla að því að allir nefndarmenn leggi sitt af mörkum.

Formaður nefndarinnar skal reglulega gera bankaráði grein fyrir störfum nefndarinnar, svo og þegar einstök mál koma til umræðu á bankaráðsfundi, hafi þau verið rædd í nefndinni. Nefndin skal gefa bankaráði árlega skýrslu um störf sín. Þá skal nefndin veita bankaráði ráðgjöf um málefni sem tilgreind eru í starfsreglum þessum.

Bankaráðsmenn skulu hafa aðgang að fundargerðum nefndarinnar í skjalastjórnunarkerfi bankans. Upplýsingar og gögn frá nefndinni skulu vera aðgengileg bankaráðsmönnum tímanlega fyrir bankaráðsfundi, og á milli þeirra, og skulu allir bankaráðsmenn fá sömu upplýsingar. Upplýsingar skulu jafnframt vera til staðar þegar þörf er á þeim og vera eins uppfærðar og nákvæmar og unnt er.

2 FUNDIR

Nefndin skal að lágmarki funda fjórum sinnum árlega. Formaður nefndarinnar leggur fram starfsáætlun í upphafi starfsárs þar sem fram koma áætlaðir fundir næsta starfsárs og fundarefni.

3 HLUTVERK

Hlutverk nefndarinnar eru eftirfarandi:

- 3.1. Að stuðla að aukinni umfjöllun bankaráðs um stefnumarkandi ákvarðanir sem snúa að sjálfbærni.
- 3.2. Að fjalla um sjálfbærnistefnumörkun.
- 3.3. Að fylgjast með þróun og stöðu sjálfbærnimælikvarða og gera tillögu til bankaráðs um hvernig þeim verði fylgt eftir.
- 3.4. Að fjalla um birtingu og miðlun sjálfbærniupplýsinga.
- 3.5. Að fjalla um áhrif laga og reglna á sviði sjálfbærni á starfsemi bankans og undirbúning breytinga í starfsemi bankans til samræmis við kröfur þar að lútandi.
- 3.6. Að fjalla um hlítu bankans gagnvart gildandi lögum og reglum um sjálfbærni.
- 3.7. Að sinna símenntun bankaráðsmanna varðandi sjálfbærni.

4 Annað

- 4.1. Sjálfbærnistjóri Landsbankans er ráðgefandi aðili nefndarinnar. Þá eru framkvæmdastjórar bankans ráðgefandi eftir þörfum.
- 4.2. Sjálfbærnefnd er ætlað að starfa tímabundið í 1-2 starfsár og lýkur störfum þegar:
 - 4.2.1. Skýrir sjálfbærnimælikvarðar hafa verið innleiddir innan bankans sem fylgt er eftir af bankaráði og undirnefndum þess.
 - 4.2.2. Fyrir liggur hvernig tilskipun 2022/2464 um ófjárhagslega upplýsingagjöf (e. Corporate Sustainability Reporting Directive) verður innleidd í íslensk lög og ljóst verður hvernig kröfum þar að lútandi verður fylgt eftir innan bankans.

Þannig samþykkt á bankaráðsfundi Landsbankans hf. þann 24. ágúst 2023.